

Drög að reglugerð um veiðar á kröbbum

Nr. S-54/2018 | Stofndags: 9.5.2018 10:04:36 | Stofnað af: Baldur Pálmi Erlingsson

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið | Drög að reglugerð

Ábyrgðaraðili | Skrifstofa sjávarútvegs- og fiskeldis | postur@anr.is

Tegund máls | Drög að reglugerð

Sjávarútvegur og fiskeldi

Niðurstöður

Umsagnarfrestur er liðinn (09.05.2018-25.05.2018). Umsagnir um þetta mál munu ekki birtast í gáttinni. Niðurstöður samráðsins verða birtar þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem bárust.

Málsefni

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið óskar eftir athugasemdum um drög að reglugerð um veiðar á kröbbum.

Núverandi fyrirkomulag

Krabbaveiðum við strendur landsins er stjórnað annars vegar með reglugerð nr. 1070/2015, um veiðar á kröbbum í innanverðum Faxaflóa og hins vegar reglugerð nr. 611/2007, um takmarkanir á heimild til veiða á kröbbum.

Þannig er krabbaveiðum utan Faxaflóa stjórnað með tilraunaleyfum skv. 13. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997 og reglugerð 611/2007. Tilraunaleyfi eru veitt af ráðneytinu skv. umsókn viðkomandi. Öllum bátum á aflamarki eða krókaflamarki er heimilt

að sækja um slíkt leyfi.

Í innanverðum Faxaflóa byggjast veiðar á reglugerð nr. 1070/2015 og eru veiðarnar takmarkaðar. Á svæðinu eru í gildi þrjú veiðileyfi. Hver bátur má vera með 500 gildirur í sjó og skylda er að landa 4 tonnum til að halda forgangi við úthlutun veiðileyfa. Ef viðkomandi bátur nær ekki framangreindu aflamagni fellur forgangur þess báts niður og er leyfinu úthlutað að nýju með hlutkesti.

Breytt fyrirkomulag krabbaveiða.

Fyrir liggur að sérleyfi samkvæmt reglugerð nr. 1070/2015, um veiðar á kröbbum í innanverðum Faxaflóa hafa ekki verið nýtt sem skyldi og veiðarnar lítt stundaðar. Tilgangur reglugerðarinnar var að skapa útgerðum ákveðinn fyrirsjáanleika og rými til veiða.

Í ljósi lítillar veiði er til skoðunar breytt fyrirkomulag krabbaveiða, sem hefði það markmið að gefa áhugasömum útgerðum kost á krabbaveiðum án takmarkana.

Samkvæmt meðfylgjandi drögum að reglugerð eru reglugerð nr. 1070/2015, um veiðar á kröbbum í innanverðum Faxaflóa og reglugerð nr. 611/2007, um takmarkanir á heimild til veiða á kröbbum, felldar brott og tekið upp nýtt leyfisveitingakerfi. Samkvæmt drögunum skal Fiskistofa gefa út leyfi til krabbaveiða óháð svæðatakmörkunum eða fjölda leyfa. Sérreglur vegna innanverðs Faxaflóa verða þannig felldar niður og tilraunaleyfi ráðherra utan Faxaflóa verða óþörf. Í meðfylgjandi drögum er gert ráð fyrir sérreglum um veiðarfæri, vitjun og merkingu lagna, afladagbækur, vigtun, skráningu og samsetningu afla eins og var í eldri reglugerð.

Vakin er athygli á efnislegri breytingu í 5. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar og í ákvæði til bráðabirgða II.

Miðað er við að nýtt fyrirkomulag taki gildi 1. september 2018.

Tengd mál

Engin tengd mál fundust.

Skjöl til samráðs

Drög að reglugerð um veiðar á kröbbum

Innihald skjals má finna undir "Málsskjöl - Skjal til samráðs #1"

Fylgiskjöl

Engin fylgiskjöl

Innsendar umsagnir (2)

Verða ekki birtar á vef.

Málsskjöl

Skjal til samráðs #1

Drög að reglugerð um veiðar á kröbbum

REGLUGERÐ um veiðar á kröbbum .

1. gr.

Almennt

Allar veiðar á kröbbum í gildrum í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Undir þessa reglugerð falla allar krabbategundir, svo sem trjónukrabbi, grjótkrabbi og gaddakrabbi.

2. gr.

Krabbaveiðileyfi.

Leyfi til veiða á kröbbum skulu gefin út fyrir hvert fiskveiðiár. Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til krabbaveiða sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

Aðeins þeir bátar, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni eiga kost á leyfi til krabbaveiða í gildrum.

Heimilt er að binda útgáfu leyfa til veiða ákveðnum skilyrðum, m.a. skýrsluskilum um veiðarnar, hámarksstærð báta, stærð og gerð veiðarfæris, veiðitímabil o.s.frv.

Í umsókn skal meðal annars koma fram hvar veiðar eru fyrirhugaðar og gerð gilda.

Leyfi til veiða á kröbbum er óheimilt að framselja. Krókaafلامarksbátum sem fá leyfi til veiða á kröbbum samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að veiða krabba með gildrum, sbr. 7. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

3. gr.

Veiðarfæri, vitjun og merking lagna.

Óheimilt er að nota önnur veiðarfæri við krabbaveiðar en þar til gerðar gildrum sem uppfylla skilyrði sem fram koma í reglugerð þessari. Hámarksfjöldi gilda fyrir hvert skip eru 500 gildrum í sjó.

Allar nýjar gildrum skulu vera þannig útbúnar að þær opnast innan árs hafi þær glatast í sjó.

Gildra skal vitja eigi síðar en 10 sólarhringum eftir að þær eru lagðar í sjó. Frá þessu má aðeins víkja ef veður hamlar sjósókn með þeim hætti að ekki reynist unnt að vitja gildra og skal skipstjóri tilkynna Fiskistofu liggja gildrum viðkomandi skips lengur en 20 sólarhringa án þess að hafa verið vitjað.

Gildrubaujur skulu vera á báðum endum gildrulínu og allar merktar með flaggi sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Gildrum, niðurstöður, gildrubaujur, gildrubelgir og baujuflögg skulu,

með varanlegri merkingu, vera greinilega merktar umdæmisnúmeri eða skipaskrárnúmeri þess skips sem notar þær. Stafir á baujuflöggum og belgjum skulu vera stórir og skýrir.

Merkja skal gildrulínur (trossur) í númeraröð frá einum í samræmi við fjölda gildrulína sem hver bátur er með í sjó.

Leggi skip gildrur sínar á svæði þar sem togveiðar eru heimilar, er skylt að auðkenna vestari enda gildrulagnar með hvítu blikkljósi og radarspegli.

Óheimilt er að hafa önnur veiðarfæri um borð en gildrur meðan á krabbaveiðum stendur eða meðan gildrur eru lagðar eða þeirra vitjað.

4. gr.

Veiðibann.

Ekki er heimilt að koma með að landi karlkyns trjónukrabba sem eru undir 60 mm skjaldarbreidd, karlkyns grjótkrabba undir 100 mm skjaldarbreidd eða karlkyns gaddakrabba undir 90 mm skjaldarbreidd.

Ekki er heimilt að koma með að landi lifandi kvenkynskrabba af öllum tegundum (sjá skýringarmyndir í fylgiskjali).

Allar veiðar með gildrum eða gildrulagnir eru bannaðar á skilgreindum humarsvæðum, sbr. reglugerð nr. 214/2010 um humarveiðar með síðari breytingum.

5. gr.

Afladagbækur.

Auk skila á afladagbókum samkvæmt reglugerð nr. 746/2016, um afladagbækur skal skipstjóri senda Hafrannsóknastofnuninni vikulega, á mánudegi, upplýsingar um afla og veiðisvæði undanfarandi viku á því formi sem Hafrannsóknastofnun ákveður, óski stofnunin eftir slíku.

6. gr.

Vigtun og skráning.

Við vigtun gilda ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla, með síðari breytingum.

7. gr.

Refsingar og viðurlög.

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til krabbaveiða vegna brota á ákvæðum leyfisbréfa og ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til veiða þessara tegunda.

Brot varða viðurlögum samkvæmt 15.-17. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Reglugerðin öðlast gildi 1. september 2018. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 1070/2015, um veiðar á kröbbum í innanverðum Faxaflóa, og reglugerð nr. 611/2007, um takmarkanir á heimild til veiða á kröbbum.

Ákvæði til bráðabirgða .

I.

Fiskistofa skal fella úr gildi leyfi til veiða á kröbbum í Faxaflóa, skv. reglugerð nr. 1070/2015, um veiðar á kröbbum í innanverðum Faxaflóa, sem í gildi eru við gildistöku reglugerðar þessarar frá og með 1. september 2018.

II.

Frá og með 1 september 2019 skulu allar gildir vera þannig útbúnar að þær opnast innan árs hafi þær glatast í sjó.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dagur, mánuður 2018.

Tölvupóstur

Sent: 26.05.18 12:00

Efni: Samráðsgátt - Stöðubreyting á máli 54/2018

Texti:
Samráð í máli 54/2018 - "Drög að reglugerð um veiðar á kröbbum" lauk þann 25.05.2018. Verið er að vinna úr innsendum umsögnum.

Opið er fyrir innsendingar umsagna en þær munu ekki birtast opinberlega í þessu máli.

[Smelltu hér til að skoða málið nánar](#)

Kærar þakkir fyrir þátttökuna.

Sent á: abs1004@simnet.is, adalheidur@frettabladid.is, armh@hi.is, bjorg@si.is, bjornr@ver.is, bragi@ihs.is, fridjong@gmail.com, fridrik@hbgrandi.is, gudjon.ingi.eggertsson@reykjavik.is, gudjona@landsnet.is, gunnar@islandsstofa.is, hafdis@ein.is, hannes@simnet.is, heidmar@sfs.is, hrafnhildur@hagstofa.is, joli@frettabladid.is, jon.svanberg@landsbjorg.is, larus@svth.is, magnusdb@samgongustofa.is, magnussb@samgongustofa.is, nina@landsbjorg.is, obi.utgafa@obi.is, rs@rml.is, sara.gudbergsdottir@fjr.is, sbjorgvinsdottir@kpmg.is, sed@sed.is, sif@asi.is, sigey@bondi.is, sigurjon@samorka.is, solveig@sa.is, vigdis@sff.is

Sent: 09.05.18 10:05

Efni: Samráðsgátt - Stöðubreyting á máli 54/2018

Texti:
Samráð í máli 54/2018 - "Drög að reglugerð um veiðar á kröbbum" er hafið og stendur yfir til 25.05.2018

Opið er fyrir innsendingar umsagna en þær munu ekki birtast opinberlega í þessu máli.

[Smelltu hér til að skoða málið nánar](#)

Kærar þakkir fyrir þátttökuna.

Sent á: abs1004@simnet.is, adalheidur@frettabladid.is, armh@hi.is, bjorg@si.is, bjornr@ver.is, fridjong@gmail.com, fridrik@hbgrandi.is, gudjona@landsnet.is, gunnar@islandsstofa.is, hafdis@ein.is, hannes@simnet.is, heidmar@sfs.is, hrafnhildur@hagstofa.is, joli@frettabladid.is, jon.svanberg@landsbjorg.is, larus@svth.is, magnusdb@samgongustofa.is, magnussb@samgongustofa.is, obi.utgafa@obi.is, rs@rml.is, sara.gudbergsdottir@fjr.is, sbjorgvinsdottir@kpmg.is, sed@sed.is, sif@asi.is, sigey@bondi.is, sigurjon@samorka.is, solveig@sa.is, vigdis@sff.is

Breytingasaga

Breytt: 09.05.2018

Breytt af: N/A

Hverju var breytt: Eftirfarandi svæðum var breytt: StatusId,

Breytt: 26.05.2018

Breytt af: N/A

Hverju var breytt: Eftirfarandi svæðum var breytt: StatusId,

Efnisatriði í samantektarskjölum

Heiti máls - Málsnúmer- Stofnun - Ábyrgðaraðili innan stofnunar - Netfang ábyrgðaraðila – Tegund máls ("Áform um lagasetningu", "Drög að reglugerð", "Drög að stefnu", "Drög að frumvarpi" eða "Annað") - Málefнасvið (aðalmálefнасvið og / eða aukamálefнасvið) - Myllumerki - Staða máls (yfirlityfirferli viðkomandi máls, upplýsingar um fyrirkomulag birtingar á umsögnum og efnislegar niðurstöður samráðs) - Málsefni (aðalatriði í ramma, nánari lýsing utan ramma) - Tengd mál - Skjöl til samráðs (yfirlit) – Fylgiskjöl (yfirlit) - Innsendar umsagnir (heildarfjöldi umsagna, nafn sendanda, dags., umsagnir sem ekki voru í viðhengi) - Málsskjöl: Skjöl til samráðs; Fylgiskjöl; Tölvupóstur; Umsagnir sem bárust í viðhengjum - Breytingasaga